



Ytra mat

Tjarnarskógur Múlapingi

Úttekt þessi er unnin á vegum Menntamálastofnunar
fyrir mennta- og barnamálaráðuneytið.

Höfundar: Kolbrún Vigfúsdóttir og Sigrún Einarsdóttir
© Menntamálastofnun, 2023
ISBN 978-9979-0-2877-2

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Markmið og tilgangur	5
Gagnaöflun	5
Samantekt niðurstaðna	6
Skýringar á litakvarða.	11
Niðurstöður matsins settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.	11
Leikskólinn og umhverfi hans	12
Húsnæði og útileiksvæði	12
Starfsfólk	13
Hugmyndafræði og áherslur	13
Stjórnun	15
Stjórnskipulag og skipurit.	15
Námskrá og áætlanir	15
Stjórnun og starfsfólk	15
Fagleg forysta	17
Starfsandi og starfsánægja	17
Uppeldis- og menntastarf	20
Námsaðstæður	20
Starfshættir	20
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	21
Námssvið.	21
Velferð og líðan barna.	23
Mat á námi og velferð barna	23
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	26
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	26
Viðhorf foreldra	26
Samstarf við grunnskóla	27
Annað samstarf	27
Skóli án aðgreiningar	28
Skólaþjónusta og sérkennsla	28
Börn með annað móðurmál en íslensku	29
Innra mat	31
Skipulag og viðfangsefni	31
Gagnaöflun og vinnubrögð	31
Opinber birting og umbætur	31
Heimildir.	32

Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Tjarnarskógi, Egilsstöðum. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Kolbrúnu Vigfúsdóttur og Sigrúnu Einarsdóttur og fór fram á vettvangi 20.–24. mars 2023. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, samstarf foreldra og ytri tengsl, skólalþjónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gætu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi. Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 13. febrúar 2023 á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsfólk og foreldrar¹ hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsaðilar dvöldu fimm daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Tekin voru rýnivíðtöl við deildarstjóra, kennara, sérkennara, starfsfólk, foreldra og börn. Þátttakendur í rýnihópum voru valdir með slembiúrtaki. Einnig var rætt við starfshóp sem vinnur að endurskoðun skólanámskrár og hóp sem vinnur að uppbyggingu og skipulagi innra mats. Einstaklingsviðtal var tekið við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólustjóra og sérkennslustjóra og fengnar upplýsingar frá fræðslustjóra. Stuðst var við niðurstöður könnunar Skólalþjónustusins² sem lögð var fyrir starfsfólk 2021 og foreldra í mars 2022.

Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsaðilar fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til. Matsaðilar fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og

1 Í þessari skýrslu er orðið foreldri notað jafnt um foreldra sem og forsjáraðila.

2 Skólalþjónustusinn er vefkerfi sem leggur fyrir staðlaðar kannanir meðal foreldra og starfsfólks.

komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra til yfirlestrar. Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa góðar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

Samantekt niðurstaðna

Sett fram í punktum um styrkleika og tækifæri til umbóta sem koma einnig fram í lok hvers kafla. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem settar eru fram í skýrslunni en eru ekki nefndar hér.

Leikskólinn og umhverfi hans

Styrkleikar

- Leikskólinn uppfyllir ákvæði um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.
- Leikskólinn vinnur samkvæmt ákveðinni hugmyndafræði, *Fjölgreindarkenning Howards Gardners*, hefur sett sér einkunnarorð og vinnur að þróun *Uppeldi til ábyrgðar*.
- Húsnæði Skógarlands er rúmgott og vel skipulagt fyrir nám og kennslu barna.

Tækifæri til umbóta

- Gera ætti einkunnarorð leikskólans sýnilegri og samræmd yfir allan leikskólann.
- Huga þarf að aðstöðu fyrir starfsfólk á Skógarlandi til undirbúnings.
- Skoða ætti möguleika á betri aðstöðu fyrir minni fundi í báðum starfsstöðvum.
- Fylgja þarf eftir beiðni um úrbætur á útileiksvæði beggja starfsstöðva.

Stjórnun

Styrkleikar

- Stjórnunarteymi er starfandi í leikskólanum og deildarstjórar sjá um að skipuleggja deildarstarfið.
- Sveitarfélagið styrkir starfsfólk til kennaranáms.
- Leikskólinn er með móttökuáætlun fyrir ný börn, áætlun um upphaf grunnskólagöngu, læsisstefnu, jafnréttis- og eineltisáætlun, verklagsreglur um viðbrögð við slysum, öryggishandbók og öryggis- og rýmingaráætlun.
- Leikskólinn hefur sett sér jafnréttisstefnu, áfalla- og slysaáætlun, stefnu gegn eineldi, áreiti og ofbeldi og áfallateymi er í leikskólanum.
- Starfslýsingar og reglur um verkaskiptingar á deildum eru skýrar.
- Gerð hefur verið leiðbeinandi starfsmannahandbók.
- Almenn ánægja er með starfsandann í leikskólanum.
- Starfsþróunarsamtöl eru skipulögð árlega.
- Skóladagatal er á heimasíðu.
- Símenntunaráætlun er unnin út frá þörfum leikskólans með áherslu á fræðslu fyrir allan starfshópinn.

- Starfsfólk hefur metnað fyrir hönd leikskólans, sýnir frumkvæði, hefur trú á gæðum leikskólastarfsins og er stolt af starfi sínu.
- Leikskólinn er með samning við Skólapúlsinn um foreldra- og starfsmannakannanir.
- Við leikskólann starfar húsvörður.

Tækifæri til umbóta

- Ljúka þarf endurskoðun skólanámskrár í samræmi við aðalnámskrá leikskóla frá 2011 með aðkomu allra aðila leikskólasamfélagsins.
- Við gerð næstu starfsáætlunar þarf að fylgja betur eftir áherslum aðalnámskrár leikskóla frá 2011 um innihald starfsáætlunar og tryggja aðkomu allra aðila leikskólasamfélagsins.
- Vinna þarf verklagsreglur um meðferð ágreinings- og eineltismála í leikskólanum.
- Skólastjórnendur ættu að hafa skriflega verkaskiptingu og gera hana sýnilega starfsfólki og foreldrum.
- Skoða ætti verkaskiptingu milli leikskólastjóra og deildarstjóra.
- Æskilegt er að skoða stjórnunarhlutfall leikskólans út frá stærð hans.
- Taka þarf upp umræðu með deildarstjóra út frá athugasemdum þeirra um mikið álag vegna of margra verkefna og leita leiða til að styrkja þær í starfi.
- Nauðsynlegt er að skoða meint einelti og/eða áreiti sem fram kemur í starfsmannakönnun frá 2021.
- Skoða þarf upplýsingaflæði til afleysingafólks.
- Leita ætti leiða til að deildir geti haldið deildarfundum samkvæmt áætlun.
- Skrá ferli um samskipti og lausn ágreiningsmála meðal starfsfólks.
- Æskilegt væri að skoða hvernig starfsfólki er raðað á stundir dagsins í þeim tilgangi að tryggja að leikskólinn sé full mannaður allan daginn.
- Skoða ætti hvernig betur er hægt að nýta mannauð leikskólans og finna leiðir til að byggja upp virkt lærdómssamfélag.

Uppeldis- og menntastarf

Styrkleikar

- Áherslur leikskólans endurspeglast í starfi á deildum og hlutverk starfsfólks í verkefnum þeim tengdum eru skýr.
- Unnið er markvisst að málörvun og umhverfið styður við máltöku og málþroska barna.
- Leikskólinn er vel útbúinn leik- og námsgögnum.
- Viðurkennd matstæki eru notuð við skimun á námi og framförum barna.
- Skipulag gerir ráð fyrir fjölbreyttum og hvetjandi viðfangefnum sem vekja áhuga barnanna og aðgengi þeirra að leikefni er gott.
- Gert er ráð fyrir markvissum samskiptum og samstarfi starfsfólks og barna innan leikskólans með flæði í og milli starfsstöðva.
- Starfsfólk hefur gert með sér sáttmála um samskipti og samstarf.
- Samskipti starfsfólks við börnin einkennast af virðingu og umhyggju.

- Börnin hafa gert með sér sáttmála um vináttu og samskipti.
- Börnin eru þátttakendur í daglegum athöfnum.
- Lögð er áhersla á heilbrigði og vellíðan barna með jákvæðum samskiptum, hreyfingu, hollri næringu og lögð rækt við matmálstíma.
- Börnin eru glöð og áhugasöm, finnst gaman í leikskólanum og líður vel.
- Foreldrar telja að börnunum sé sýnd umhyggja og að starfsfólk hafi góð áhrif á þau.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að móta leikefnisstefnu tengda áherslum leikskólans, yfirfara, flokka og meta leikefni leikskólans í tengslum við mótun leikefnisstefnunnar.
- Skoða ætti markvissari vinnu með einingarkubba, styrkja þekkingu á hugmyndafræði kubbanna, skoða staðsetningu þeirra og hlutverk starfsfólks.
- Skoða hvernig er hægt að mæta áhuga starfsfólks á að vinna markvissar með opinn efnivið.
- Leita ætti leiða til að styrkja og vinna markvissar að umhverfisvernd og útinámi allra barna og gera þá vinnu sýnilega í gögnum leikskólans.
- Skoða leiðir til að gefa börnum tækifæri til að meta nám sitt og setja sér markmið.
- Leita skal leiða til að vinna með uppeldislegar skráningar á námi allra barna.
- Auka aðkomu foreldra að mati á námi og framförum barna sinna.
- Leita ætti leiða til að nýta styrkleika starfsfólks og hugmyndir um verkefnastjórn einstakra verkþátta, svo sem útináms, hreyfingar og skapandi starfs.
- Æskilegt væri að auka fræðslu og leiðbeiningar til nýs starfsfólks um hlutverk sitt í námi barna.
- Leita leiða til að gefa börnunum tækifæri til að koma með hugmyndir á matseðil leikskólans.
- Æskilegt væri að meta aðferðir við framkvæmd „skylduverkefna“.
- Huga að leiðum til að bjóða börnum fjölbreyttari tækifæri til listsköpunar, möguleikum þeirra á að hafa frumkvæði og auka aðgengi þeirra að skapandi efnivið á deildum og í listasmiðjum.
- Auka búnað og tæki sem ætluð eru til rannsókna og vísinda og gera hann aðgengilegan börnum.

Samvinna foreldra og ytri tengsl

Styrkleikar

- Foreldraráð er starfandi við leikskólann, það fundar reglulega ásamt leikskólastjóra og upplýsingar um það eru á heimasíðu leikskólans.
- Foreldrafélag er starfandi við leikskólann, styrkir hann á ýmsan hátt og upplýsingar um félagið eru á heimasíðu.
- Foreldrar eru jákvæðir í ummælum sínum um starf leikskólans, samskipti við starfsfólk, líðan barna sinna og upplýsingar í Völu kerfinu.
- Leikskólinn er virkur þátttakandi í samfélaginu.

Tækifæri til umbóta

- Foreldraráð þarf að vinna starfsáætlun fyrir ráðið og setja inn á heimasíðu leikskólans.
- Upplýsingar um nýtt foreldraráð þarf að setja inn á heimasíðu leikskólans.
- Taka ætti til athugunar ábendingar foreldra í rýnihóp um daglegar upplýsingar á töflu.
- Skoða ætti möguleika á reglulegri upplýsingagjöf til foreldra um þroska og framfarir barnanna.
- Æskilegt er að yfirfara og samræma verklag deilda varðandi upplýsingamiðlun til foreldra.

Skóli án aðgreiningar

Styrkleikar

- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann, sem ber ábyrgð á sérkennslu, gerð einstaklingsnámskráa og skipuleggur vinnu sérkennara.
- Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun, gerð er frumgreining og einstaklingsnámskrá til að bregðast sem fyrst við.
- Börn sem eiga annað móðurmál en íslensku fá markvissa málörvun.
- Boðið er upp á túlkaþjónustu ef þarf.
- Einstaklingsnámskrá er unnin í samstarfi við sérfræðinga, foreldra og deildarstjóra, myndað teymi um hvert barn og teymisfundir haldnir reglulega.
- Samstarf er milli leikskólans, sérfræðinga á skólaþjónustu Múlaþings, Austurlandslíkansins og fundað er reglulega með Sálstofunni.
- Starfsfólk fylgist með og sækir fræðslu um málefni tengt viðbótarkennslu.
- Foreldrar barna sem fá viðbótarkennslu eru ánægðir með áherslur leikskólans um snemmtæka íhlutun og segjast fá góðar upplýsingar um börn sín.
- Myndir með ritmáli og myndrænt skipulag er til stuðnings málörvunar og læsis.
- Þjóðfánar og kveðjur á tungumáli barna eru í fataherbergjum deilda.

Tækifæri til umbóta

- Tryggja að foreldrar komi ávalt að gerð einstaklingsnámskrá síns barns.
- Gera ætti feril um viðbrögð við grun um frávik hjá börnum.
- Æskilegt væri að koma á sérkennsluteymi við leikskólann.
- Koma ætti á reglulegum fundum sérkennslustjóra og deildarstjóra og bæta þannig upplýsingaflæði til alls starfsfólks.
- Samræma þarf vinnu á deildum með einstaklingsnámskrár.
- Skoða leiðir til að gera vinnu með heimamenningu allra barna markvissa og sýnlega í gögnum skólans.
- Gagnlegt væri að hafa almennar upplýsingar á heimasíðu leikskólans á fleiri tungumálum en íslensku.

Innra mat

Styrkleikar

- Starfsfólk hefur tekið þátt í fræðslu um innra mat og stofnað hefur verið matsteymi sem vinnur að undirbúningi og skipulagi innra mats leikskólans.
- Foreldra- og starfsmannakannanir eru lagðar reglulega fyrir annað hvert ár.

Tækifæri til umbóta

- Gera matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem fram kemur viðfangsefni matsins, hvaða markmið eigi að meta og viðmið um árangur skilgreind. Tímasetja matið, tilgreina ábyrgðaraðila og hvaða gagna á að afla.
- Meta stefnu leikskólans og markmið markvisst og reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur (matsáætlun til 3-5 ára).
- Huga að aðkomu foreldraráðs í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.
- Efla mat og ígrundun starfsfólks á eigin starfsháttum í daglegu starfi.
- Gæta að fjölbreytni í öflun gagna meðal starfsfólks, barna og foreldra með aðferðum sem hæfa viðkomandi hópum og tryggja að raddir barna heyrast í mati á leikskólastarfinu.
- Birta greinargerðir um innra matið á heimasíðu leikskólans þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður og greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta.

Skýringar á litakvarða

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6–4	Grænt	Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.
2, 6–3,5	Ljósgrænt	Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
1,6–2,5	Gult	Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.
1,0–1,5	Rautt	Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum.

Niðurstöður matsins settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða

Stjórnun	Uppeldis og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og námsaðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn Tjarnarskógur hóf starfsemi sína 2012 þegar leikskólarnir Tjarnarland (stofnaður 1979) og Skógarland (stofnaður 2005) voru sameinaðir. Leikskólinn er níu deilda skóli á tveim starfsstöðvum með 162 nemendum á aldrinum eins til fimm ára. Börn sem eru með viðbótarkennslu eru samtals 44, (í leikskólanum er talað um viðbótarkennslu í stað sérkennslu og verður það orð notað í þessari skýrslu) hluti barnanna er með viðbótarkennslu samkvæmt greiningum og önnur fá viðbótarkennslu vegna: málörvunar, örvunar hreyfifærni, þjálfunar félagsfærni og út frá niðurstöðum *HLJÓM-2* prófs. Börn sem eiga annað móðurmál en íslensku eru 13 og fá þau öll viðbótarkennslu í íslensku. Í viðtölum við stjórnendur og starfsfólk kom fram að flestir töldu að vel hefði tekist til við að sameina tvo leikskóla í einn.

Deildir leikskólans eru þessar:

- Lyng
- Lauf
- Barr
- Kjarr
- Rjóður
- Lundur
- Hamrabær
- Tjarnarbær
- Skógarbær

Fæðingarár barna á deildum:

Lyng	2020-2021
Lauf	2020-2021
Barr	2020-2021
Kjarr	2018-2019
Rjóður	2019
Lundur	2018-2019
Hamrabær	2017-2018
Tjarnarbær	2018
Skógarbær	2017

Húsnæði og útileiksvæði

Leikskólinn er sem áður segir starfræktur á tveim starfsstöðvum (Skógarland börn á fædd 2018-2022 og Tjarnarland börn fædd 2017-2018). Að álit matsaðila uppfyllir húsnæði leikskólans að mestu leyti kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 með síðari breytingum.

Skógarland (sex deildir í tveim álmum, yngri og eldri) hefur gott rými fyrir frjálstan og skipulagðan leik og svæði fyrir hvíld. Snyrting er fyrir hverja deild en sameiginlegt fataherbergi er fyrir þrjár deildir í hvorri álmu leikskólans. Þar eru skrifstofur fyrir leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra og aðstaða fyrir starfsfólk til undirbúnings. Eitt herbergi er fyrir viðbótarkennslu. Rými fyrir hreyfileiki er í rúmgóðum sal, minni salur er fyrir kubbaleiki og einnig er sameiginlegur listaskáli. Matur fyrir leik- og grunnskóla er unninn í eldhúsi grunnskólans en stórt móttökueldhús er í leikskólanum. Aðstæður til funda í leikskólanum eru takmarkaðar, eitt nokkuð stórt herbergi er fyrir minni fundi, salurinn er fyrir stærri fundi en þá minni, svo sem foreldrasamtöl, þarf að halda í sérkennsluherbergjum eða á skrifstofum stjórnenda. Fram kom í viðtölum við deildarstjóra á Skógarlandi að undirbúningsaðstaða væri of lítil og aðbúnaður (tölvur og stólar) væri ófullnægjandi. Þær nefndu einnig skort á rými fyrir minni fundi. Matsaðilar geta staðfest að undirbúningsaðstaða er lítil fyrir svo stóran starfshóp og fundarými fyrir minni fundi of fá.

Á Tjarnarlandi eru þrjár deildir og er ein þeirra rúmgóð en tvær búa við mikil þrengsli. Á deildunum er gert ráð fyrir svæði fyrir hvíld, frjálstan og skipulagðan leik og snyrting og fataherbergi eru fyrir hverja deild. Skrifstofa leikskólastjóra, kaffistofa fyrir starfsfólk og móttökueldhús er á Tjarnarlandi. Á efri hæð hússins er aðstaða fyrir hreyfileiki, herbergi fyrir viðbótarkennslu, aðstaða fyrir starfsfólk til undirbúnings auk þess er þar listaskáli. Hjá kennurum og starfsfólki Tjarnarlands kom fram að viðbótarkennsluherbergi og undirbúningsaðstaða starfsfólks væri ágæt, þó hávaði frá hreyfisal geti valdið truflun. Starfsfólk nýtir einstaklega vel allt rými í húsinu til að mæta þörfum barna fyrir leik og skipulagt starf.

Útileiksvæði leikskólans voru hulin snjó þegar matsaðilar voru á vettvangi svo ekki var hægt að meta ástand þeirra. Hjá stjórnendum, starfsfólki og foreldrum kom fram að leiksvæði beggja starfsstöðva þarfnist endurbóta og nefndu þau þar sem dæmi fallvarnir, polla sem myndast í mikilli úrkomu, slitin leiktæki og háa brekku á Tjarnarlandi sem er skemmtilegt leiksvæði en getur verið hættuleg við vissar aðstæður. Samkvæmt upplýsingum frá stjórnendum hefur verið send beiðni um úrbætur á leiksvæðunum til Fasteigna- og þjónustufulltrúa sem hefur umsjón með fasteignum sveitarfélagsins.

Starfsfólk

Starfsfólk sem starfar við leikskólann er samtals 60, í alls 53,52 stöðugildum. Þrjú stjórnendur eru í leikskólanum leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri. Auk stjórnenda starfa níu deildarstjórnar í leikskólanum. Leikskólastjóri hefur stjórnað leikskólanum frá árinu 2013. Hún hefur leyfisbréf kennara með sérhæfingu á leikskólastigi auk diplóma í stjórn menntastofnana, er í 100% stjórnunarstöðu. Aðstoðarleikskólastjóri hefur starfað við leikskólann sem aðstoðarleikskólastjóri frá árinu 2019, hún hefur leyfisbréf kennara með sérhæfingu á leikskólastigi, er í 100% stjórnunarstöðu. Sérkennslustjóri hefur leyfisbréf kennara með sérhæfingu á leik- og grunnskólastigi, auk þess með viðbótardiplómu í starfstengdri leiðsögn. Sex deildarstjórnar eru með leyfisbréf kennara með sérhæfingu á leik- eða grunnskólastigi, einn með BS í sálfræði, annar með diploma í uppeldis- og menntunarfræði og þriðji er í meistaranámi í leikskólakennarafræðum. Kennarar með leyfisbréf sem vinna utan deildarstjórnar eru 11. Kennarar með sérhæfingu á sviði sérkennslu sem starfa í leikskólanum eru þrjú. Starfsfólk með aðra háskólamenntun er sjö, annað starfsfólk hefur ekki lokið framhaldsmenntun. Tveir einstaklingar vinna í eldhúsi og einnig starfar húsvörður við leikskólann. Rúmlega þrjú stöðugildi eru fyrir afleysingar á Tjarnarskógi sem fara milli deilda eftir þörfum, auk þess er gert ráð fyrir stöðugildum á deildum til að leysa af í undirbúningstímum og fleira. Í leikskólanum vinna 58 konur og tveir karlmenn. Leikskólinn uppfyllir ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga nr. 95/2019 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla um að lágmark 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skuli teljast til stöðugilda kennara. Stöðugleiki í starfshópnum hefur lengi verið góður og er starfsaldur að meðaltali um átta ár. Undanfarna mánuði hefur þó allmikið verið um veikindi bæði langtíma og skammtíma.

Hugmyndafræði og áherslur

Námsumhverfi og viðfangsefni barna í leikskólanum er eins og fram kemur í starfsáætlun, skólanámsskrá og á heimasíðu leikskólans skipulagt út frá hugmyndafræði sem byggir á *Fjölgreindarkenningu Howards Gardners*. Samkvæmt kenningum Gardners eru greindirnar átta talsins. Hver manneskja hefur ekki aðeins eina þeirra heldur allar, í mismiklum mæli þó, (sjá gögn á heimasíðu leikskólans). Samkvæmt rýnihópum deildarstjóra og kennara liggur hugmyndafræði leikskólans eins og þráður gegnum allt leikskólastarfið á báðum starfsstöðvum og áherslunar eru sýnilegar í starfinu. Þátttakendur töldu upp greindirnar og lýstu hvernig unnið væri með tvær greindir saman, tvo mánuði í senn. Þeirri vinnu lýkur með þemaviku og nefndu þau sem dæmi yfirstandandi dansviku sem lok á vinnu með tónlistar- og rýmisgreind.

Í leikskólanum er verið að innleiða *Uppeldi til ábyrgðar*. Sú innleiðing hófst fyrir rúmu ári og er ætlað að taka fjögur til fimm ár. Uppeldi til ábyrgðar ýtir undir ábyrgðarkennd og sjálfstjórn hjá einstaklingum og miðar að því aðstoða börn við að ræða um tilfinningar sínar og að átta sig á grunnþörfum sínum. Uppeldi til ábyrgðar styrkir einstaklinga í því að læra af mistökum sínum. Leikskólastjóri sagðist finna að allir vilji leggja sig fram um að sýna áhuga, virðingu og hjálpssemi, sem hún tengdi við Uppeldi til ábyrgðar, sagðist auk þess „finna gleðina allstaðar“. Foreldrar gátu í nokkrum tilfellum bent á leiðir sem farnar væru til að framfylgja stefnu leikskólans og nefndu sem dæmi að sýnileiki *Fjölgreindarkennningarinnar* kæmi fram á þemavikum eftir hverja greindarlotu, svo sem dansvika, kubbavika og svo framvegis.

Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð *Virðing – Gleði – Samvinna – Fagmennska*. Einkunnarorðin eru ekki nægilega sýnileg á veggjum leikskólans og virðist sem ekki sé talað um sömu einkunnarorðin á öllum deildum. Í rýnihópum kom fram að starfsfólk og foreldrar þekktu þau aðeins að hluta til. Sveitarfélagið hefur ekki sett sér menntastefnu en að sögn fræðslustjóra er hún í vinnslu.

Styrkleikar

- Leikskólinn uppfyllir ákvæði um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.
- Leikskólinn vinnur samkvæmt ákveðinni hugmyndafræði, *Fjölgreindarkenning Howards Gardner*, hefur sett sér einkunnarorð og vinnur að þróun *Uppeldi til ábyrgðar*.
- Húsnæði Skógarlands er rúmgott, vel skipulagt fyrir nám og kennslu barna.

Tækifæri til umbóta

- Gera ætti einkunnarorð leikskólans sýnilegri og samræmd yfir allan leikskólann.
- Huga þarf að aðstöðu fyrir starfsfólk á Skógarlandi til undirbúnings.
- Skoða ætti möguleika á betri aðstöðu fyrir minni fundi í báðum starfsstöðvum.
- Fylgja þarf eftir beiðni um úrbætur á útileiksvæði beggja starfsstöðva.

Stjórnun

Stjórnskipulag og skipurit

Rekstraraðili Tjarnarskógar er sveitarfélagið Múlaþing. Fjölskylduráð fer með málefni leikskóla í Múlaþingi í umboði sveitarstjórnar samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum. Í fjölskylduráði sitja fimm kjörnir fulltrúar sveitarfélagsins. Fræðslustjóri er starfsmaður fjölskylduráðs og næsti yfirmaður leikskólastjóra. Hann ber ábyrgð á stjórn og rekstri fræðslumála sveitarfélagsins: fjármálum, starfsmannamálum og framkvæmd ákvarðana fræðsluráðs. Undir hans verksvið falla leikskólar, grunnskólar og tónlistarskólar. Fjölskyldusvið Múlaþings sinnir skólalþjónustu fyrir sveitarfélagið og sérhæfðum stuðningi við leik- og grunnskóla og foreldra í sveitarfélaginu. Skólalþjónusta skal beinast að því að efla skóla sem faglega stofnun þannig að hann geti leyst þau viðfangsefni sem upp koma í starfi og veitt starfsfólki leiðbeiningar og aðstoð. Austurlandslíkanið (*ALL*), sem Fjölskyldusvið Múlaþings hefur umsjón með, er samstarfsvettvangur þeirra sem koma að málefnum fjölskyldna í Múlaþingi, Fljótdalshreppi og Vopnafirði. Markmiðið er að sameina krafta alls fagfólks sem kemur að málefnum fjölskyldna til að tryggja markvissan og snemmtækan stuðning þegar þess gerist þörf. Fræðslunefnd fundar einu sinn til tvisvar í mánuði. Þegar málefni leikskóla eru til umræðu á fundum situr einn fulltrúi leikskólustjóra sveitarfélagsins, einn fulltrúi kosinn úr hópi starfsfólks og einn fulltrúi tilnefndur af samtökum foreldra barna í leikskólum. Þessir fulltrúar koma til skiptis frá byggðakjörnunum. Leikskólustjóri eða aðstoðarleikskólustjóri í forföllum hans, mætir á fundi fræðslunefndar þegar fjallað er um málefni viðkomandi skóla.

Leikskólinn hefur sett sér jafnréttisstefnu, áfalla- og slysaáætlun, stefnu gegn einelti, áreiti og ofbeldi. Áfallateymi er í leikskólanum. Skólinn setti sér læsisstefnu 2016 sem var endurskoðuð 2019 og gert er ráð fyrir að endurskoða hana aftur á þessu ári eða því næsta. Að sögn fræðslustjóra virðist vera reglufesta í leikskólanum og almenn ánægja og traust einkennir viðhorf samfélagsins til leikskólans. Aðspurður um mikilvægustu verkefni skólafyrivalda varðandi leikskólamálin í dag svaraði fræðslustjóri þau vera að jafna starfsaðstæður milli skólastiga þannig að jafn eftirsóknarvert sé að vinna í leikskólum og grunnskólum. Einnig að auka virðingu fyrir leikskólanum sem fyrsta skólastigsins og fá viðurkennt í samfélaginu að leikskólinn sé fyrst og fremst fyrir börnin.

Námskrá og áætlanir

Skólanámskrá leikskólans sem er að hluta til orðin úrelt (útgáfuár kemur ekki fram) er í heildar endurskoðun. Stofnaður hefur verið starfshópur til að vinna að þeirri endurskoðun. Hluti af áherslum námskrárinnar er ekki lengur í gildi en þar er þó talað um Fjölgreindarkenninguna sem hugmyndafræði en einkunnarorðin eru ekki þau sömu og fram koma í starfsáætlun og öðrum gögnum leikskólans. Í þessari skýrslu verður því fremur vitnað í heimasíðu og starfsáætlun leikskólans en skólanámskrá. Leikskólinn er með *starfsáætlun* fyrir skólaárið 2022–2023 sem uppfyllir að stórum hluta kröfur aðalnámskrár um starfsáætlun. Í starfsáætluninni er fjallað um nokkra þætti sem frekar eiga heima í skólanámskrá svo sem umfjöllun um hugmyndafræði og starfsaðferðir en upplýsingar vantar um niðurstöður innra mats og skóladagatal. Greinargóð starfsmannahandbók er í leikskólanum.

Stjórnun og starfsfólk

Stjórnendateymi Tjarnarskógar mynda leikskólustjóri, aðstoðarleikskólustjóri, sérkennslustjóri og deildarstjórar. Ekki er formleg verkaskipting innan teymisins en deildarstjórar hafa ábyrgð á afmörkuðum verkefnum. Leikskólustjórnendur eru með formlegt skipulag um að vera til skiptis viku og viku á hvorri starfsstöð. Leikskólustjóri ber ábyrgð á faglegu starfi leikskólans, skýrslugerðum er varða starfið, innritun barna, ráðningu starfsfólks, almennu starfsmannahaldi og stýrir daglegu skipulagi starfsfólks (afleysingar og röðun á deildir). Aðstoðarleikskólustjóri ber að stórum hluta ábyrgð fjármálum og rekstri leikskólans, sér um innkaup og skipuleggur fræðslu innan leikskólans. Starfsfólk þekkir þessa verkaskiptingu þó hún sé ekki skráð. Að sögn leikskólustjóra hafa stjórnendur ekki sett niður fundartíma fyrir mánaðarlega samráðsfundi en nefndi að þeir hittust oft fyrir eða eftir deildarstjórafundi. Í samskiptum sín á milli nota stjórnendur mikið *Teams samskiptakerfi* og það gera einnig deildarstjórar.

Stjórnunarteymið fundar aðra hverja viku, þar er farið yfir það sem er á döfinni í leikskólanum og komið á framfæri ýmsum upplýsingum. Deildarstjórar hafa ábyrgð á að starfsfólk deilda fái allar upplýsingar frá þessum fundum. Deildarstjórar bera ábyrgð á og skipuleggja starf deilda. Deildarstjórafundir eru á hálfsmánaðar fresti og oftast ef með þarf. Fundirnir eru álmuskiptir, þrjú deildarstjórar á hvorri álmu Skógarlands og þrjú á Tjarnarlandi. Í sumum tilfellum funda deildarstjórar á Tjarnarlandi og elstu deildum á Skógalandi saman. Tvisvar á ári funda allir deildarstjórar saman. Báðir stjórnendur og sérkennslustjóri eru með á deildarstjórafundum. Skrifaðar eru fundargerðir á öllum fundum og settar á innri vef leikskólans og auk þess er lagt fram útprentað skjal á hverri deild sem starfsfólk á að lesa yfir og kvitta fyrir lesturinn. Starfslýsingar eru aðgengilegar í starfsmannahandbók en leikskólinn er ekki með skipurit.

Áætlun um skipulagsdaga er sett upp fyrir starfsárið og kemur fram á skóladagatali. Skipulagsdagar í leikskólanum eru sex á ári. Á skipulagsdögum er fjallað um skipulag leikskólastarfsins og innra mat. Einnig er boðið upp á fræðslu á þessum dögum og gert er ráð fyrir að þeir séu nýttir til náms- og kynnisferða. Skipulagsdagar eru samræmdir í leik- og grunnskóla. Starfsfólk leikskólans tekur þátt í árlegum fræðsludegi í nóvember ár hvert með öllum skólum í Múlaþingi, dagurinn er skipulagður af fræðslustjóra, leikskólafulltrúa og grunnskólafulltrúa í samráði við skólastjórnendur. Haustþing Austurlands er annað hvert ár, skipulagt af ákveðnum byggðahlutun. Síðasta haust var það leikskólafulltrúi og leikskólastjóri í Múlaþingi sem sáu um skipulagninguna. Árið 2024 verður það skipulagt af leikskólastjórnendum í Fjarðabyggð og 2026 af Hornafirði og Vopnafirði.

Starfsmannafundir eru sex á ári, þrjú á hvorri önn. Þessir fundir eru meðal annars nýttir fyrir innra mat, umræðu um uppeldisstarf leikskólans og til fræðslu. Deildarfundir eiga að vera reglulega samkvæmt skipulagi en að sögn deildarstjóra og starfsfólks falla þeir stundum niður á sumum deildum vegna veikinda og skorts á afleysingu. Starfsfólk segir mikilvægt að þessir fundir séu haldnir reglulega. Á deildarfundum er umræða um börnin, oft börn sem þarfnast viðbótarkennslu. Einnig er rætt um skipulag deildarinnar, farið yfir dagatal, upplýst um hvað kom fram á deildarstjórafundi, verkefni framundan og sameiginlegar ákvarðanir.

Leikskólastjóri tekur árlega starfsþróunarsamtal við allt starfsfólk. Fram kom í rýnihópum að starfsfólk á einni deild leikskólans hefði ekki fengið samtöl á síðasta ári en væru fyrstar í röðinni á þessu ári. Deildarstjórar, leikskólakennarar og háskólamenntað starfsfólk fær samningsbundinn undirbúningstíma. Að sögn leikskólastjóra eru þeir í sumum tilfellum unnir fyrir utan skólatíma til að koma til móts við sveigjanlegan vinnutíma. Að sögn deildarstjóra taka þeir stundum tímana utan skólans og er ástæðan, segja þeir, meðal annars þrengsli í undirbúningsaðstöðu leikskólans. Annað starfsfólk í 100% vinnuhlutfalli fær tveggja tíma undirbúningstíma á viku en annars eftir starfshlutfalli. Helstu verkefni í undirbúningstímum deildarstjóra er að vinna skipulag fyrir deildirnar, skipuleggja verkaskiptingu starfsfólks, sjá um framkvæmd vinnustyttingar, undirbúa og skipuleggja foreldraviðtöl, ýmis verkefni sem tengjast sérkennslubörnum, kynna sér fræðsluefni, undirbúa verkefni fyrir starfið með börnunum og ýmislegt fleira. Deildarstjórar sjá um að skipuleggja undirbúningstíma og útdeila verkefnum til síns starfsfólks.

Við ráðningu nýs starfsfólks er fylgt lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Við undirritun ráðningarsamnings er skrifað undir ákvæði um trúnað og þagnarskyldu og leyfi veitt til að skoða sakaskrá. Leikskólastjóri tekur ráðningarviðtöl og raðar starfsfólki inn á deildir. Í starfsmannahandbók er gátliti fyrir leikskólastjóra til að fara yfir með nýju starfsfólki en auk þess hefur hópurinn um Uppeldi til ábyrgðar sett upp ferli fyrir móttöku nýs starfsfólks út frá áherslum verkefnisins. Gerður er þriggja mánaða samningur við nýráðið starfsfólk en áður en samningurinn er endurnýjaður tekur leikskólastjóri leiðbeiningarviðtal. Þegar starfsfólk hættir í leikskólanum er tekið við það lokaviðtal.

Leikskólastjóri heldur skrá yfir símenntun starfsfólks. Að hennar mati eru næg símenntunartilboð fyrir allt starfsfólk og það getur einnig valið sér fræðslu eftir áhuga. Fræðsla sem starfsfólk sækir er í tengslum við verkefni og stefnu leikskólans. Starfsfólk var almennt ánæggt með þá fræðslu sem er í boði, auðvelt að fá tíma til að sækja hana og það væri hvatt til þess af stjórnendum.

Mismunandi svör komu fram við spurningunni um lærdómssamfélag í leikskólanum. Leikskólastjóri taldi að starfsfólk væri áhugasamt um að miðla þekkingu sín á milli og verið væri að skoða hvernig best mætti byggja upp lærdómssamfélag. Hjá deildarstjórum kom fram að vegna of margra verkefna hefðu þær fá tækifæri til að nýta þekkingu sína í samræmi við óskir. Annað starfsfólk taldi mikla þekkingu vera til staðar í hópi starfsfólks sem mætti nýta betur. Samkvæmt upplýsingum frá fræðslustjóra styrkir sveitarfélagið starfsfólk til náms í leikskólakennarafræðum. Starfsfólk getur sótt um allt að 15% afslátt af vinnuskyldu í að hámarki fjórar annir, gegn því að vinna að minnsta kosti jafn lengi hjá sveitarfélaginu, að loknu námi, og námstíminn varir. Starfsfólk fær greidd föst dagvinnulaun miðað við starfshlutfall, þann tíma sem það er í námslotum.

Fagleg forysta

Leikskólastjóri var spurð um áherslur hennar í stjórnun. „Held ég sé mjög góður stjórnandi, ég hlusta á starfsfólk og foreldra og viðurkenni mistök. Legg áherslu á lýðræðislega stjórnun og er lausnamiðuð.“ Henni líði mjög vel í starfinu, hæfni hennar nýtist, hún finnur að hún er metin og segist fá hrós frá starfsfólki og foreldrum. Hún reynir að fara daglega inn á deildir til að kynna börnum og starfsfólki. Hjá deildarstjórum kom fram að stjórnendur kæmu oft inn á deildir til að bjóða góðan dag eða litu inn seinnipartinn en ekki til að fylgjast með starfinu. Samkvæmt stjórnendum þarf að samræma starfsaðferðir milli deilda og æskilegt væri að fá meiri fræðslu fyrir deildarstjórahópinn til að styrkja stöðu hans. Í starfsmannakönnun frá 2021 kom fram í kaflanum um stjórnun að traust hefur farið niður frá síðustu könnun og niðurstöður eru allstaðar undir landsmeðallagi. Þetta á við um þættina: stuðningur frá næsta yfirmanni, sanngjörn forysta, valdeflandi forysta og ræktun mannauðs. Foreldrar í rýnihópi sögðu að leikskólastjóri væri sýnilegur í leikskólanum og auðvelt að ná sambandi við hana en dagleg samskipti væru mest í gegnum tölvupósta. Í könnun Skólapúlsins frá mars 2022 kom fram að 93,8% foreldra sem svoruðu könnuninni lýstu yfir ánægju með stjórnun leikskólans.

Starfsandi og starfsánægja

Leikskólastjóri segir gott andrúmsloft í leikskólanum sem einkennist af miklum metnaði starfsfólks, þar sé ríkjandi fagmennska, virðing og vinátta. Starf á deildum einkennist af lýðræðislegum vinnubrögðum. Ef upp koma ágreiningsmál þekkir starfsfólk hvaða leiðir á að fara, þó ekki séu skriflegir verkferlar, ef á þarf að halda býðst aðstoð mannauðsstjóra sveitarfélagsins við lausn ágreiningsmála. Sem sterka þætti í starfi leikskólans nefndu stjórnendur leikinn og félagsfæri, „sem fær að blómstra í starfinu“ og þær finni að starfsfólk hlusti orðið betur á þau rök að leikurinn sé námsleið barnanna. Báðir stjórnendur sögðust stoltir af góðum leikskóla og nefndu sérstaklega snemmtæka íhlutun í því sambandi og segjast almennt telja að þetta sé góður leikskóli. Aðspurðir um hvað mætti bæta í starfsemi leikskólans nefndu stjórnendur að styrkja þyrfti deildarstjórahópinn til dæmis með fræðslu og leggja þyrfti aukna áherslu á að allir vinni betur út frá sömu stefnu. Leikskólastjóri nefndi auk þess að leggja þurfi aukna áherslu á umhverfisvitund innan leikskólans.

Deildarstjórar eru yfirleitt stoltar af starfi sínu, jákvæðni, samheldni og traust einkenni deildarstarfið. Þær nefna að gott samstarf sé milli deilda og nokkur sameiginleg verkefni svo sem gönguferðir og fleira. Ekkert af þessu er þó markvisst skipulagt. Hinsvegar segjast þær vera of hlaðnar störfum. Tala um álag vegna of margra verkefna sem stöðugt sé verið að bæta við. Þær þurfi að setja starfsfólk inn í einstök verkefni, leiðbeina fólki sem ekki hefur bakgrunn í leikskólafræðum og skipuleggja undirbúningstíma þess. Þeim finnst að þær nái ekki að vinna úr nýjum verkefnum sem lögð eru inn og hafi þar af leiðandi ekki tækifæri til að nýta hæfni sína nægilega vel. Þetta veldur þreytu og streitu hjá deildarstjórum.

Kennarar og starfsfólk er stolt af starfi sínu og heilt yfir sé þetta góður vinnustaður. Almennt ríkir traust milli starfsfólks. Góður og jákvæður starfsandi er á báðum starfsstöðvum, starfsfólk sýni samstöðu og skólinn sé vel mannaður. Starfsfólk fái tækifæri til að vinna sjálfstætt og virðing borin fyrir ólíkum sjónarmiðum og það fær hrós frá samstarfsfólki og foreldrum. Í rýnihópunum kom fram að endurgjöf frá stjórnendum sé frekar yfir hópinn en til einstaklinga. Ánægja er með góðar starfslýsingar, verka-

skiptingu og hvernig tekið er á móti nýju starfsfólki. Starfshópurinn hefur mismunandi skoðanir á áhrifum vinnustyttingar, sumir telja framkvæmd hennar ganga vel en aðrir telja að álagið hafi aukist eftir að vinnustyttingin komst á. Hluti viðmælenda hefur jákvæð viðhorf til þess að starfsfólk fái við ráðningu að velja sér vinnutíma, aðrir benda á að þetta geti leitt til þess að færri starfsfólk sé seinni part dagsins og getur hugsanlega komið niður á starfinu með börnunum. Kennarar og starfsfólk er undantekningarlaust ánægt með vinnuaðferðir vegna snemmtæktrar íhlutunar í leikskólanum, segja að í viðbótarkennslu sé engu til sparað. Fram kom að upplýsingaflæði til afleysingafólks sé mismunandi gott eftir deildum. Í rýnihópum kom upp umræða um hvort nýta ætti betur styrkleika starfsfólks sem sýna áhuga á að taka að sér verkefni tengd áhugasviðum þeirra eins og til dæmis útinámi og skapandi starfi.

Í viðtali við stjórnendur og hjá rýnihópum deildarstjóra, kennara og starfsfólks kom fram að mikil veikindi starfsfólks á síðustu mánuðum hafa komið niður á starfsánægjunni og gleðin innan leikskólans væri minni en áður og leita þurfi leiða til að lífga upp á andrúmsloftið. Matsaðilar geta tekið undir það, þó greinilega væri lögð áhersla á að láta það ekki koma niður á vinnunni með börnunum. Þessar aðstæður auka einnig álagið á stjórnendum. Athugasemdir um of lágt stjórnunarhlutfall í leikskólanum komu fram hjá viðmælendum í rýnihópum deildarstjóra og leikskólakennara. Deildarstjórar nefndu að þær hafi bent yfirstjórn leikskólans og stjórn leikskólamála á þennan vanda, en ekki fengið viðbrögð við þeim ábendingum. Athugasemdir um of lágt stjórnunarhlutfall í leikskólanum kom einnig fram hjá stjórnendum leikskólans.

Í viðtölum við deildarstjóra og annað starfsfólk kemur fram óánægja með húsnæði beggja starfsstöðvanna. Æskilegt sé að vinna betur að því að gera leikskólann að einum vinnustað. Stjórnendur og starfsfólk lýsir yfir ánægju með húsvörð sem sér meðal annars um viðhald og snjómokstur í leikskólanum. Einnig er almenn ánægja með góðan og fjölbreyttan mat. Í starfsmannakönnun Skólapúlsins frá 2021 kemur fram ábending um einelti á vinnustaðnum en í starfsáætlun er ekki fjallað um viðbrögð við þeim ábendingum.

Styrkleikar

- Stjórnunarteymi er starfandi í leikskólanum og deildarstjórar sjá um að skipuleggja deildarstarfið.
- Sveitarfélagið styrkir starfsfólk til kennaranáms.
- Leikskólinn er með móttökuáætlun fyrir ný börn, áætlun um upphaf grunnskólagöngu, læsisstefnu, jafnréttis- og eineltisáætlun, verklagsreglur um viðbrögð við slysum, öryggishandbók og öryggis- og rýmingaráætlun.
- Leikskólinn hefur sett sér jafnréttisstefnu, áfalla- og slysaáætlun, stefnu gegn eineldi, áreiti og ofbeldi og áfallateymi er í leikskólanum.
- Starfslýsingar og reglur um verkaskiptingar á deildum eru skýrar.
- Gerð hefur verið leiðbeinandi starfsmannahandbók.
- Almenn ánægja er með starfsandann í leikskólanum.
- Starfsþróunarsamtöl eru skipulögð árlega.
- Skóladagatal er á heimasíðu.
- Símenntunaráætlun er unnin út frá þörfum leikskólans með áherslu á fræðslu fyrir allan starfshópinn.
- Starfsfólk hefur metnað fyrir hönd leikskólans, sýnir frumkvæði, hefur trú á gæðum leikskólastarfsins og er stolt af starfi sínu.
- Leikskólinn er með samning við Skólapúlsinn um foreldra- og starfsmannakannanir.
- Við leikskólann starfar húsvörður.

Tækifæri til umbóta

- Ljúka þarf endurskoðun skólanámskrár í samræmi við aðalnámskrá leikskóla frá 2011 með aðkomu allra aðila leikskólasamfélagsins.
- Við gerð næstu starfsáætlunar þarf að fylgja betur eftir áherslum aðalnámskrár leikskóla frá 2011 um innihald starfsáætlunar og tryggja aðkomu allra aðila leikskólasamfélagsins.
- Vinna þarf verklagsreglur um meðferð ágreinings- og eineltismála í leikskólanum.
- Skólastjórnendur ættu að hafa skriflega verkaskiptingu og gera hana sýnilega starfsfólki og foreldrum.
- Skoða ætti verkaskiptingu milli leikskólastjóra og deildarstjóra.
- Æskilegt er að skoða stjórnunarhlutfall leikskólans út frá stærð hans.
- Taka þarf upp umræðu með deildarstjóra út frá athugasemdum þeirra um mikið álag vegna of margra verkefna og leita leiða til að styrkja þær í starfi.
- Nauðsynlegt er að skoða meint einelti og/eða áreiti sem fram kemur í starfsmannakönnun frá 2021.
- Skoða þarf upplýsingaflæði til afleysingafólks.
- Leita ætti leiða til að deildir geti haldið deildarfundi samkvæmt áætlun.
- Skrá ferli um samskipti og lausn ágreiningsmála meðal starfsfólks.
- Æskilegt væri að skoða hvernig starfsfólki er raðað á stundir dagsins í þeim tilgangi að tryggja að leikskólinn sé full mannaður allan daginn.
- Skoða ætti hvernig betur er hægt að nýta mannauð leikskólans og finna leiðir til að byggja upp virkt lærdómssamfélag.

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Námsumhverfi leikskólans er fjölbreytt og hvetjandi. Þar má sjá námssvið aðalnámskrár leikskóla 2011, hugmyndafræði og áherslur leikskólans birtast í viðfangsefnum barna. Börnunum er skipt í minni hópa sem dreifast um öll leiksvæði á deildum og á sameiginlegum svæðum jafnt í frjálsum leik og skipulögðu starfi. Góð aðstaða er til gólf- og borðleikja á öllum deildum og í sameiginlegum rýmum. Öll rými eru vel nýtt. Leikskólinn er vel útbúinn leik- og námsgögnum sem höfða til allra aldurshópa. Aðgengi barna að leikefni er mjög gott og gert ráð fyrir að þau sýni frumkvæði við val á viðfangsefnum. Úrval er af spilum, púsluspilum, kubbum, tré- og plast leikefni, efniviði til skapandi starfs og til hlutverkaleikja auk ýmiss annars smádóts. Deildarstjórar segja að leikefnið bjóði upp á tækifæri fyrir börnin til að þróa leikinn á eigin forsendum en taka samt fram að sumt af því sé orðið slitið og úr sér gengið, að hluta til samtíningur og ekki í samræmi við áherslur leikskólans. Segja einnig of lítið af trékubbum og það vanti efnivið til rannsóknar- og tilraunaverkefna. Deildarstjórar segjast hafa áhuga á að endurskoða leik- og námsgögn leikskólans og leggja meiri áherslu og markvissa vinnu með opinn efnivið. Vel er brugðist við óskum starfsfólks um kaup á leikefni en lítið sé keypt inn í hvert sinn. Engin leikfangastefna er í leikskólanum. Í rýnihópi foreldra kom fram svipað viðhorf varðandi leikföng, samtíningur sem borist hafi í leikskólann úr ýmsum áttum. Þeir vilja einnig að boðið sé upp á meira af opnum efnivið í skapandi starfi. Matsaðilar sáu fjölbreytt úrval leik- og námsefnis en gagnlegt væri að yfirfara það og flokka. Þeir geta einnig tekið undir með deildarstjórum og foreldrum um að grisja ætti smádót sem safnast hefur upp gegnum árin.

Á báðum starfsstöðvum eru góðir möguleikar á samskiptum milli deilda og markvisst er unnið að samskiptum allra barna og starfsfólks með því að bjóða upp á flæði einu sinni í viku. Þar gefst börnum tækifæri á að fara á milli deilda og leiksvæða í þeim tilgangi að kynnast öllum leikskólanum. Auk þess fara elstu börnin á Skógalandi yfir á Tjarnarland í sama tilgangi þar sem þau munu dvelja síðasta ár sitt í leikskólanum. Leikskólalóðir á báðum starfsstöðvum eru nokkuð stórar og í útveru dreifast börnin vel um leiksvæðin. Samkvæmt dagskipulagi eru börnin ekki öll úti í einu og því rúmt um þau á leiksvæðinu. Útivera var alla dagana á meðan vettvangsathugunir stóðu yfir. Starfsfólk yngri álmú sagði að kostur væri að hafa girðingu sem aðskilur allra yngstu börnin frá þeim eldri í þeim tilgangi að veita yngstu börnunum öryggi.

Starfshættir

Deildarstjórar bera ábyrgð á gerð dagsskipulags í samráði við leikskólastjóra og er það endurmetið eftir þörfum. Á Skógarlandi er lögð áhersla á að samræma dagskipulag á yngri álmú annars vegar og eldri álmú hins vegar. Sama á við á Tjarnarlandi, þar er dagskipulag samræmt eftir árgöngum auk þess sem það er samræmt fyrir sama árgang milli starfsstöðva. Dagskipulag skiptist í frjálsta og skipulagða leiki, þemavinnu/hópastarf, flæði, samveru- og söngstundir, matmálistíma, hvíld og útveru. Leikskólastjóri vinnur viðburðadagatal fyrir allan leikskólann og gera deildarstjórar í framhaldi af því dagatal fyrir sína deild. Viðburðadagatal er á öllum deildum og einnig myndrænt dagskipulag í augnhæð barna. Hlutverk og verkefni starfsfólks í dagskipulagi er sýnilegt á öllum deildum ásamt ýmsum verklýsingum er tengjast áherslum leikskólans. Meðan á vettvangsheimsókn stóð voru viðfangsefni barna fjölbreytt og frjáls leikur ríkjandi. Börnin fengu góðan samfelldan tíma til frjálsra leikja, öll svæði voru vel nýtt og þau gátu farið á milli svæða að vild. Þau nutu sín vel, höfðu tækifæri til að dýpka leikinn, lítið bar á árekstrum eða streitu í barnahópnum. Áhugi og leikgleði einkenndi barnahópinn hvort sem í boði var frjáls leikur eða hópastarf. Þegar börn í rýnihóp voru spurð hvað þau geri í leikskólanum sögðust þau leika, fara í hvíld, út að leika, vera í kastalanum, rólunum og í dúbló. Skemmtilegt sögðu þau meðal annars vera klemmuval, bíló, vera í salnum, í listasmiðjunni og svo væri dansinn skemmtilegur.

Starfsfólk hefur gert með sér sáttmála um samstarf og áherslur í samskiptum, (þessi vinna er þáttur í Uppeldi til ábyrgðar) sem er sýnilegur á gangi á báðum starfsstöðvum. Áherslur sáttmálans endurspeglast í samskiptum við börnin og á milli barna á báðum starfsstöðvum. Samskipti starfsfólks við börn einkennast yfirleitt af virðingu, umhyggju, hvatningu og hlustun. Starfsfólk situr oftast nálægt

börnunum við borð eða á gólfi. Í flestum tilfellum sýnir starfsfólk leik barnanna áhuga og í sumum tilvikum má sjá að starfsfólk tekur beinan þátt í leik þeirra, nýtir daglegar athafnir til náms og samskipta. Einkunnarorð leikskólans eru eins og áður hefur komið fram *Virðing – Gleði – Samvinna – Fagmennska* og þau má sjá speglast í starfinu utan gleði starfsfólksins sem er minna sýnileg. Á Tjarnarlandi skiptast tvær deildir á Einingakubbum og er ánægja með það fyrirkomulag. Að öðru leyti er ekki unnið markvisst að verkefnum milli eldri deilda á Tjarnarlandi. Nokkrar ábendingar komu frá rýnihópunum eins og að fyrir Covid 19 hefði samstarfið verið meira og sumt af því sem áður var hafi ekki gengið til baka.

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Ýmislegt í starfi leikskólans sýnir að áhersla er lögð á jafnrétti og frumkvæði barna. Þau eru hvött til þátttöku í daglegu starfi og að sýna frumkvæði við val á leik og leiksvæðum. Í viðtali við leikskólastjóra og í rýnihópum deildarstjóra og starfsfólks kemur fram að börnin á eldri deildum hafi tekið þátt í gerð sáttmála um vináttu og samskipti (þáttur í Uppeldi til ábyrgðar). Sáttmáli barna á deildum á Tjarnarlandi er tilbúinn, skreyttur af þeim og sýnilegur á deildum. Sáttmáli barna á Skógarlandi hefur verið gerður en er ekki full unninn að sögn deildarstjóra. Leikskólastjóri tók fram að sáttmálinn væri sýnilegur þar í báðum fataherbergjum. Varðandi aðrar skráðar reglur þá segja deildarstjórar á Skógarlandi að ekki sé mikið um þær, „fólk gerir meira si og so“. Börnin tóku þátt í að búa til „inni og úti reglur“ og á yngri deildum er eitthvað reynt að hafa börnin með í að búa til reglur. Á Tjarnarlandi eru útvistareglur sem starfsfólk hefur gert. Þegar börnin í rýnihóp (þau koma öll frá Tjarnarlandi) eru spurð um reglur í leikskólanum nefna þau sáttmálann og segjast hafa búið hann til. Þau þekkja reglur eins og „bannað að meiða og bannað að skilja útundan“ en segja að tiltekinn starfsmaðurinn hafi búið þær til. Deildarstjórar og starfsfólk í rýnihópum segja að börnin hafi áhrif í daglegum athöfnum, þau fá hlutverk eins og að vera þjónar, flokkunar-, söng- og göngustjórar, klemmuvarðstjórar, bókaverðir og margt fleira. Á nokkrum deildum mátti sjá að þátttaka barna var töluverð og í boði voru að minnsta kosti níu hlutverk.

Samkvæmt deildarstjórum er mismunandi eftir deildum hversu mikil áhrif börn hafa í samverustundum. Þau velja sönglög og umræðuefni, koma með bækur og hljóðfæri að heiman til að sýna og segja frá. Á yngri deildum er reynt að fylgja áhuga barnanna og bjóða upp á það sem vekur áhuga þeirra hverju sinni. Þau velja lög í söngstund, leikefni í frjálsum leik og geta farið á milli leiksvæða í vali. Fram kemur að börnin eru ekki þátttakendur í stærri ákvarðanatökum. Þegar börn í rýnihóp eru spurð hverju þau fá að ráða nefna þau nokkra þætti, svo sem að þau megi velja sér verkefni/svæði og skipta um þau meðan á leiktímanum stendur. Þau segjast velja bækur í samverustund. Leikskólastjóri telur að frá því byrjað var að innleiða Uppeldi til ábyrgðar hafi hlustun á börnin aukist og óskir eldri barna í vali séu betur virtar. Deildarstjórar og starfsfólk í rýnihópum segja að börnin séu oftast en áður farin að taka þátt í ákvarðanatöku.

Námssvið

Í starfsáætlun 2022-2023 er fjallað um áherslur og verkefni vetrarins. Þar kemur fram að markvisst er unnið með málörvun og hljóðkerfisvitund barna. Málörvun fer fram í öllum þáttum leikskólastarfsins og stuðst við kennsluefnið *Lubbi finnur málbein*. Lesnar eru bækur, sagðar sögur og farið með þulur og ljóð. Börnin fá að æfa sig í frásögnum og lagt er upp úr lestrarhvetjandi umhverfi. Lubbi og verkefni honum tengd eru sýnileg í leikskólanum og unnið er með það á öllum deildum. Starfsfólk í rýnihópum er almennt ánægt með Lubba verkefnið, segir samverustundir góðar og þar séu börnin hvött til að tjá sig. Stafrófið, tölu- og bókstafir, form, myndrænt dagskipulag með klukku/tímasetningu við hverja athöfn, texti við myndir, tákn með tali og skýringar um veðurfar er meðal þess sem sjá má á töflum og veggjum allra deilda. Á göngum beggja starfsstöðva eru stórir bókaskápar með fjölda bóka, vel flokkaðar og hver flokkur merktur. Bækur eru inni á öllum deildum aðgengilegar börnum og algengt að sjá þau sitja ein eða nokkur saman og fletta bókum jafnt í frjálsum leik sem flæði. Að sögn deildarstjóra koma börnin með bók að heiman sem lesin er í samverustund. „*Bókaormur*“ er á vegg einnar deildar með myndum af hverju barni og þeirri bók sem það valdi að koma með að heiman til að sýna og segja frá. Þær samverustundir sem matsaðilar urðu vitni að voru fjölbreyttar og innihaldsríkar, lesið, leikið, spjallað og sungið. Að mati matsaðila er málumhverfi leikskólans hvetjandi, styður vel

við máltöku og málþroska barna og námsgögn eru fjölbreytt. Þau börn sem matsaðilar töluðu við í rýnihóp, í leik og í matmálstímum voru viðræðugóð og höfðu ríkan orðaforða. Verkefni sem börnin á Tjarnarlandi vinna í upphafi hvers dags eru kölluð „skylduverkefni“. Verkefni tengjast stærðfræði, formum, litum og bókstöfum og líkjast grunnskólaverkefnum þar sem börnin þjálfa grip og teikna eftir línu. Verkefnablöðunum safna börnin hvert í sína í möppu. Á vettvangi mátti sjá að börnin sýndu mismikinn áhuga á þessum verkefnum.

Áhersla er á heilbrigði og vellíðan í daglegum athöfnum og birtist það í umhyggju og góðum tengslum við börnin. Deildarstjórar og starfsfólk í rýnihópum er sammála um að áhersla sé á umhyggju, komið sé fram við börnin af virðingu, hverju barni veitt athygli og hlustað á skoðanir þeirra, þeim líði vel og þau komi glöð og sátt í leikskólann. Foreldrar í rýnihópi sögðu að börnin væru glöð og áhugasöm, þeim væri sýnd mikil umhyggja og tekið opnum örmum hverjum degi. Börnin segja þeim frá öllu mögulegu sem gerist í leikskólanum, tali um kennarana og „finnst þeir merkilegir“. Á vettvangi mátti sjá að í langflestum tilvikum eru samskipti og viðmót starfsfólks við börnin jákvæð og leiðbeinandi. Vel er staðið að matmálstímum á deildum og alúð lögð í undirbúning máltíða og hvernig maturinn er fram borinn. Eldri börnin skammta sér sjálf og ganga frá borðbúnaði. Á yngstu álmu er börnunum skammtað og þau spurð hvort þau vilji sósu og annað meðlæti, að lokinni máltíð ganga þau frá smekknunum sínum. Börnin á eldri deildum taka þátt í undirbúningi máltíða, eru þjónar, sækja matarvagninn, leggja á borð og bjóða hópnum að gjöra svo vel eftir að hafa upplýst um hvað er í matinn. Á vettvangi mátti sjá hvernig börnin æfa sig í hlutverki þjónsins, vinna verkefnið af áhuga og ábyrgð. Á matseðli og á vettvangi mátti sjá að boðið er upp á fjölbreyttan og hollan mat. Áhersla er á rólegt andrúmsloft, börnunum gefinn góður tími til að matast, starfsfólk situr við hvert borð og aðstoðar eftir þörfum. Börnin höfðu góða matarlist, þeim leið vel og þau sögðu að maturinn væri góður. Matráður grunnskólans skipuleggur matseðla í samráði við matráði leikskólans en börnin eru ekki þátttakendur í gerð þeirra.

Lögð er áhersla á daglega hreyfingu barna, í sal og útiveru ásamt vettvangsferðum sem eiga að vera reglulegar samkvæmt starfsáætlun 2022-2023. Leiktæki í sal eru fjölbreytt, þar er farið í þrautir og leiki einu sinni í viku auk frjálsra leikja. Í matsvikunni voru barnahópar á leiksvæðunum á hverjum degi, deild á Skógarlandi fór í vettvangsferð á Minjasafnið og aðrir hópar í frjálsan og skipulagðan leik í sal. Deildarstjórar og starfsfólk í rýnihópum er ánægt með hvað börnin eru dugleg að vera úti og spreyta sig við ýmsar aðstæður. Mismunandi er hve oft deildir fara í gönguferðir, á einni deild er farið reglulega, eða einu sinni í viku, á öðrum sjaldnar. Leikskólastjóri sagði að útivera væri mikil á leikskólalóðinni og utan hennar. Þá viku sem matsaðilar voru á vettvangi var dansvika á Tjarnarlandi tengd Tónlistar- og rýmisgreind. Æfðir voru dansar á deildum og í sal alla daga vikunnar undir styrkri stjórn kennara og fór lokadansinn fram á föstudegi þar sem öll börn og starfsfólk á Tjarnarlandi tóku þátt. Matsaðilar urðu vitni að vel skipulögðum viðburði í salnum þar sem eftirvænting, áhugi og einlæg gleði barnanna leyndi sér ekki og allir tóku þátt. Dansvika Skógarbæjar fór að sögn deildarstjóra fram vikuna á undan.

Vinna að umhverfisvernd og sjálfbærni felst í því samkvæmt starfsáætlun 2022-2023, starfsmanna-handbók og deildarstjórum að hver deild flokkar sorp í lífræna tunnu og sápa og rafmagn er sparað eins og kostur er. Deildir skiptast á að fara með flokkað rusl í flokkunarstöðvar og fjölnota pokar eru á hverri deild fyrir blautan fatnað. Börnin hlúa að plöntum, setja niður kartöflur, tína rusl, flokka pappír og endurnýta efni sem til fellur í leikskólanum. Þau fara í vettvangsferðir, skoða bæinn sinn og náttúruperlur í nánasta umhverfi og leika sér á opnum leiksvæðum. Ekki fer fram skipulagt útinám. Í rýnihópum deildarstjóra og starfsfólks kom fram að áhugi væri fyrir markvissara útinámi þar sem verkefnastjóri leiddi verkefnið. Í starfsáætlun er talað um helstu verkefni skólaársins varðandi vinnu með vísindi og sköpun. Gera á tölustafi sýnilega, vinna með form, Numicon kubba, einingakubba og önnur stærðfræðiform til að efla talnaskilning, stærðfræðihugsun og rýmisgreind. Fjölbreytt námsgögn sem tengjast stærðfræðiverkefnum, Numicon og margar tegundir af tré- og plastkubbum, eru aðgengileg börnum á öllum deildum. Einingarkubbar eru ýmist staðsettir inni á deildum, í kubbaherbergi eða á gangi. Á Tjarnarlandi fór fram skapandi leikur barna þar sem kubbarirnir fengu að standa og leikurinn breyttist og þróaðist þegar önnur börn tóku við. Á Skógarlandi eru kubbarirnir á gangi eldri álmu en einnig í skáp í kubbaherbergi ásamt Holukubbum. Í flæðitíma á eldri álmu lék

barnahópur af nokkrum deildum með kubbana á gangi fyrir framan deildirnar. Staðsetning kubbanna, fjöldi barna og hlutverk/pátttaka starfsfólks gefur tilefni til ætla að þörf sé á að endurskoða vinnu og auka þekkingu á hugmyndafræði einingakubbanna.

Verk eftir börnin tengd skapandi starfi eru á veggjum og töflum á deildum leikskólans, í flestum tilfellum unnin að frumkvæði barnanna og frekar lögð áhersla á ferlið en afurðina. Undantekningin var hefðbundið páskaföndur þar sem starfsfólk stýrði aðferðunum. Skapandi starf fer fram á deildum og í listasmiðjum þar sem í boði er fjölbreyttur efniviður í hillum og skápum. Í báðum listasmiðjum eru stór borð fyrir miðju fyrir börnin vinna að skapandi starfi og í listasmiðju á Skógarlandi er ein málaratrana sýnileg. Aðgengi barna að listasmiðjum og efnivið virðist takmarkast af þeim tíma sem deildinni er úthlutað vikulega. Ekki er ljóst hvar í dagskipulaginu börnin geta valið myndlist og vísindi og hvort þau hafi aðstöðu, aðgang að skapandi efnivið daglega og tækifæri til að skapa að eigin frumkvæði. Leik- og námsefni tengt tilrauna- og eða vísindastörfum er lítið sýnilegt, eitt ljósaborð er í kubbaherbergi en annað leikefni svo sem stækkunargler og smásjár eru ekki sýnileg.

Unnið er með tónlist í samveru-, söng- og dansstundum á deildum og í sal þar sem börnin fá að velja lög. Lagaval í söngstundum var fjölbreytt, gömul lög og ný, einfaldir og erfiðir textar og sönggleði barnanna leyndi sér ekki. Á deildum má sjá veggspjald með lista yfir sönglög sem unnið er að með þátttöku barnanna. Nokkuð er til af hljóðfærum í leikskólanum sem börnin spila á í samverustundum auk þess sem þau koma með hljóðfæri að heiman eins og áður hefur komið fram.

Velferð og líðan barna

Á báðum starfsstöðvum leikskólans sáu matsaðilar glöð og áhugasöm börn. Þar ríkti leikgleðin og góð samskipti þeirra og vinátta var eftirtektarverð. Í rýnihópi nefndi starfsfólk að gott samstarf starfsfólks hefði jákvæð áhrif á samskipti barnanna. Starfsfólk var oftast til staðar fyrir börnin, fylgdist með því sem fram fór í hópnum og sýndi viðfangefnum þeirra áhuga. Börn í rýnihóp sögðu að þeim liði vel, „rosalega vel“ og það sé gaman að koma í leikskólann. Stundum leiki kennararnir við þau, spili og teikni og „passi að þau væru ekki vond við hvert annað“. Kennararnir eru skemmtilegir, hrósa þeim og segja að þau séu dugleg að syngja. Spurningu um hvort þau verði stundum leið svöruðu þau þannig að þau verði það ef einhver meiðir, „þegar einhver er að stríða mér og þegar mér verður heitt“.

Mat á námi og velferð barna

Við mat á námi og velferð barna eru notuð eftirtalin viðurkennd matstæki:

- *TRAS skráningarlistinn* (n. Tidlig registrering av språkuvikling) sem er notaður til þess að skrá og fylgjast með málþroska tveggja til fimm ára barna.
- *Hljóm-2* sem kannar hljóðkerfis- og málvitund og er lagt fyrir elstu börnin.
- *MIO-skimun* fyrir leikskólabörn til að fylgjast með þroskaferli barna í stærðfræðilegri rök-hugsun.
- *MOT hreyfisþroskaþróf* sem metur hreyfiþroska barna á aldrinum fjöggra til sex ára.
- *EFI-2 málþroskaskimun* er lögð fyrir börn á fjórða ári.
- *AEPS-matsskerfið* (e. Assessment, Evaluation, Programming System for Infants and Children) færnimiðað matstæki, er nýtt þegar áhyggjur vakna um óeðlilega framvindu í þroska og nýt-ist við gerð einstaklingsnámskráa.
- *ASEBA* (Achenbach System of Empirically Based Assessment) mælitæki sem gefur vísbendingar ef einstaklingur á í vanda.
- *Íslenski þroskalistinn* sem er ætlaður er til að meta mál- og hreyfiþroska þriggja til sex ára.
- *Smábarnalistinn* sem ætlaður er til að meta mál- og hreyfiþroska 15 til 38 mánaða barna. Báðir þessir listar eru fylltir úr foreldrum.

- *Íslenski máhljóðamælinn*, snemmtæk íhlutun í framburði íslensku máhljóðanna og er notaður ef áhyggjur af framburði vakna.

Í leikskólanum er ekki unnið með *uppeldislegar skráningar* á námi og framförum allra barna en þau setja sér ekki markmið með námi sínu eða meta eigin framfarir. Að sögn deildarstjóra á hvert barn möppu, *Gleym- mér-ei* sem fylgir þeim alla leikskólagönguna. Mappan geymir meðal annars myndir af barninu í aðlögun, sjálfsmynd barnsins haust og vor, ýmsar teikningar, ljósmyndir af starfi tengt fjölgreindunum og myndir af hópastarfi. Efnisyfirlit fylgir hverjum árgangi. Deildarstjórar styðjast við heimagerðan lista (viðtalspunktar) sem eru fylltir út fyrir foreldraviðtöl tvisvar á ári. Í foreldraviðtölum er farið yfir helstu þætti í þroska og framförum barnsins og foreldrar koma á framfæri sínum upplýsingum um barnið. Foreldrar í rýnihóp sögðust áhugasamir um að fá fleiri fundi, oftast og reglulegri upplýsingar um framfarir barnsins en fram kom að auðvelt væri að óska eftir fundi hvenær sem væri.

Styrkleikar

- Áherslur leikskólans endurspeglast í starfi á deildum og hlutverk starfsfólks í verkefnum þeim tengdum eru skýr.
- Unnið er markvisst að málörvun og umhverfið styður við máltöku og málþroska barna.
- Leikskólinn er vel útbúinn leik- og námsgögnum.
- Viðurkennd matstæki eru notuð við skimun á námi og framförum barna.
- Skipulag gerir ráð fyrir fjölbreyttum og hvetjandi viðfangefnum sem vekja áhuga barnanna og aðgengi þeirra að leikefni er gott.
- Gert er ráð fyrir markvissum samskiptum og samstarfi starfsfólks og barna innan leikskólans með flæði í og milli starfsstöðva.
- Starfsfólk hefur gert með sér sáttmála um samskipti og samstarf.
- Samskipti starfsfólks við börnin einkennast af virðingu og umhyggju.
- Börnin hafa gert með sér sáttmála um vináttu og samskipti.
- Börnin eru þátttakendur í daglegum athöfnum.
- Lögð er áhersla á heilbrigði og vellíðan barna með jákvæðum samskiptum, hreyfingu, hollri næringu og lögð rækt við matmálstíma.
- Börnin eru glöð og áhugasöm, finnst gaman í leikskólanum og líður vel.
- Foreldrar telja að börnunum sé sýnd umhyggja og að starfsfólk hafi góð áhrif á þau.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að móta leikefnisstefnu tengda áherslum leikskólans, yfirfara, flokka og meta leikefni leikskólans í tengslum við mótun leikefnisstefnunnar.
- Skoða ætti markvissari vinnu með einingarkubba, styrkja þekkingu á hugmyndafræði kubbanna, skoða staðsetningu þeirra og hlutverk starfsfólks.
- Skoða hvernig er hægt að mæta áhuga starfsfólks á að vinna markvissar með opinn efnivið.
- Leita ætti leiða til að styrkja og vinna markvissar að umhverfisvernd og útinámi allra barna og gera þá vinnu sýnilega í gögnum leikskólans.
- Skoða leiðir til að gefa börnum tækifæri til að meta nám sitt og setja sér markmið.
- Leita skal leiða til að vinna með uppeldislegar skráningar á námi allra barna.
- Auka aðkomu foreldra að mati á námi og framförum barna sinna.

- Leita ætti leiða til að nýta styrkleika starfsfólks og hugmyndir um verkefnastjórn einstakra verkþátta, svo sem útináms, hreyfingar og skapandi starfs.
- Æskilegt væri að auka fræðslu og leiðbeiningar til nýs starfsfólks um hlutverk sitt í námi barna.
- Leita leiða til að gefa börnunum tækifæri til að koma með hugmyndir á matseðil leikskólans.
- Æskilegt væri að meta aðferðir við framkvæmd „skylduverkefna“.
- Huga að leiðum til að bjóða börnum fjölbreyttari tækifæri til listsköpunar, möguleikum þeirra á að hafa frumkvæði og auka aðgengi þeirra að skapandi efnivið á deildum og í listasmiðjum.
- Auka búnað og tæki sem ætluð eru til rannsókna og vísinda og gera hann aðgengilegan börnum.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Pátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Í starfsáætlun leikskólans 2022-2023 koma fram helstu áherslur leikskólans í foreldrasamstarfi. Samkvæmt leikskólastjóra er haldinn kynningarfundur með nýjum foreldrum að vori. Þar er foreldrum afhentur upplýsingabæklingur um leikskólastarfið og þeim bent á að skoða heimasíðu leikskólans. Þeir eru einnig upplýstir um hvernig hægt er að koma ábendingum og athugasemdum á framfæri. Þátttökuaðlögun er í leikskólanum þar sem foreldrar eru með börnum sínum fyrstu dagana og á þeim tíma gefst þeim tækifæri til að kynnast leikskólastarfinu. Á heimasíðu leikskólans er meðal annars skóladagatal og viðburðardagatal með upplýsingum um starfið en auk þess fá foreldrar það sent heim. Foreldrar í rýnihóp segjast vera velkomnir í leikskólann hvenær sem er, aðgengi að leikskólastjóra er gott og auðvelt að ná sambandi við hana. Dagleg samskipti fara að mestu fram í gegnum tölvupósta. Deildarstjórar senda foreldrum upplýsingar um börnin í vikulegum póstum auk þess sem þau fá ýmis skilaboð um viðburði í *Völu appinu* (upplýsingakerfi fyrir leikskóla, grunnskóla og frístund) og frá starfsfólki þegar þeir sækja börnin sín í lok dags. Tafla er við hverja deild þar sem skráðar eru helstu upplýsingar um daginn, skilaboð og viðburðir. Foreldrar eru almennt ánægðir með upplýsingar frá leikskólanum, þær séu settar fram á jákvæðan hátt og flestar koma inn í Völuna. Þau segjast lítið fara á heimasíðu leikskólans, helst til að skoða matseðil og sumarfrí en segja að skóladagatalið og matseðillinn séu einnig í Völnni. Flestir foreldrar eru yfirleitt ánægðir með upplýsingar á töflum við deildir en þær ábendingar mætti í sumum tilvikum bæta, upplýsingar á töflu eru minna notaðar en áður og ef til vill mætti færa upplýsingarnar meira í Völuna. Í foreldrakönnun Skólapúlsins í mars 2022 kom fram að upplýsingamiðlun er nokkuð mismunandi eftir deildum. Samkvæmt leikskólastjóra samræma deildarstjórar verklag varðandi upplýsingar um börnin og starfið á deildum.

Foreldraráð er starfandi við leikskólann, erfiðlega hefur gengið að fá fulltrúa í ráðið og þegar matið fór fram voru tveir fulltrúar í ráðinu en búið er að auglýsa eftir þeim þriðja. Foreldraráð fundar einu sinni í mánuði og segir formaður að þannig telji þau sig vera betur inn í öllum málum. Fundir eru boðaðir af formanni á fésbókarhóp ráðsins. Leikskólastjóri er boðuð á alla fundi þar sem hún upplýsir foreldraráð um stöðu og starfsemi leikskólans hverju sinni. Dagskrár funda eru oft punktar frá leikskólastjóra og fundarefni sem kemur inn á fésbókarhóp foreldraráðs. Fram til þessa hefur leikskólastjóri sett fundargerðir frá foreldraráði á heimasíðu leikskólans, sent tölvupóst til alla foreldra og bent á slóð foreldraráðs. Á síðasta fundi var ákveðið að formaður sendi ábendingu um nýja fundargerð á fésbókarhóp allra foreldra. Foreldraráð les yfir starfsáætlun. Formaður foreldraráðs Tjarnarskógar er í fjölskylduráði Múlaþings þetta ár, sem fulltrúi allra foreldraráða leikskóla í Múlaþingi. Foreldraráð í leikskólum Múlaþings eru með fésbókarhóp og sér fulltrúi þeirra í fjölskylduráði um að setja inn tilkynningar á hópinn. Foreldrar hafa fengið kynningu á innleiðingu nýrrar stefnu í leikskólanum, Uppeldi til ábyrgðar. Samkvæmt leikskólastjóra er foreldraráð og foreldrafélag stuðningur við leikskólann og hefur meðal annars stutt við innri mál leikskólans, skrifað greinar og fréttir í Austurgluggann sem er fréttablað fyrir allt Austurland. Einnig tekið viðtöl við börnin sem birt voru í sama blaði. Á heimasíðu leikskólans eru upplýsingar um foreldraráð samkvæmt lögum um leikskóla, fundargerðir og hverjir sitja í ráðinu árið 2021-2022. Upplýsingar vantar um fulltrúa ráðsins árið 2022-2023. Foreldraráð hefur ekki sett sér starfsáætlun. Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og upplýsingar eru um félagið á heimasíðu leikskólans svo sem stjórn, samþykktir og fundargerðir. Foreldrafélagið fundar eftir þörfum og er með samskipti á fésbókarhóp. Félagið er virkur samstarfsaðili við leikskólann, sér um viðburði í samstarfi við starfsfólk. Foreldrar greiða félagsgjöld í félagið sem notuð eru til að styrkja ýmis verkefni svo sem leikýningar, sveitaferðir, jólaball og annað sem kemur upp á.

Viðhorf foreldra

Foreldrar í rýnihóp eru í heildina jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann. Þau þekkja að hluta til áherslur leikskólans, nefna Fjölgreindarkenningu Gardners og segjast fylgjast með starfinu á viðburðardagatalinu sem þau fá sent heim. Foreldrar eru sáttir við stefnu leikskólans en muna einkunnarorðin ekki nákvæmlega. Flestir í hópnum segja að starfsandinn í leikskólanum sé góður og andrúms-

loft afslappað en þó sé það eitthvað mismunandi eftir deildum. Þeir eru ánægðir með starfsfólkið og nefna sérstaklega litla starfsmannaveltu í leikskólanum. Starfsfólk sé metnaðarfullt og taki vel í athugasemdir þeirra. Almenn ánægja er með leikaðstöðu barnanna þó á Tjarnalandi sé rýmið lítið, þá er það mjög vel nýtt. Í foreldrakönnun Skólapúlsins í mars 2022 telur meirihluti foreldra að tengsl þeirra við starfsfólk séu góð, hlustað á skoðanir þeirra varðandi nám barnsins og starfsfólk áhugasamt að ræða við þau um barnið þeirra. Flestir foreldrar fá að heyra þegar barni þeirra gengur vel en tæplega 21% svarenda telur svo ekki vera og mætti skoða þann þátt nánar.

Samstarf við grunnskóla

Formlegt samstarf er við grunnskóla Egilsstaða og á heimasíðu leikskólans er hlekkur merktur: Samstarf leik- og grunnskóla. Þar eru útskýrð markmið og áherslur samstarfsins og hvernig lögð er áhersla á gagnkvæmt samstarf nemenda og kennara beggja skólastiga. Einnig má finna í starfsáætlun 2022-2023 upplýsingar um samstarfið.

Annað samstarf

Leikskólinn er virkur þátttakandi í samfélaginu með ýmsu móti. Börnin heimsækja Tónlistarskólann og nemendur hans koma í heimsókn til að spila fyrir leikskólabörnin. Þau heimsækja Íþróttasal grunnskólans og taka þátt í íþróttatíma. Reglulegt samstarf er við Bókasafnið, Minjasafnið og Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs (Sláturhúsið). Samstarf er við slökkviliðið og börnin eru þátttakendur í fræðsluefni um Loga og Glóð. Egilsstaðakirkja býður börnunum í aðventustund og er samstarf við foreldra um þær heimsóknir. Gistihúsið býður börnum leikskólans á kaffihús í desember og þeim er boðið að kíkja á jólasvein sem sefur þar í einu herberginu. Auk þess eru farnar göngu- og vettvangsferðir víða um bæinn. Lítið samstarf er við aðra leikskóla að sögn deildarstjóra.

Styrkleikar

- Foreldraráð er starfandi við leikskólann, það fundar reglulega ásamt leikskólastjóra og upplýsingar um það eru á heimasíðu leikskólans.
- Foreldrafélag er starfandi við leikskólann, styrkir hann á ýmsan hátt og upplýsingar um félagið eru á heimasíðu.
- Foreldrar eru jákvæðir í ummælum sínum um starf leikskólans, samskipti við starfsfólk, líðan barna sinna og upplýsingar í Völu kerfinu.
- Leikskólinn er virkur þátttakandi í samfélaginu.

Tækifæri til umbóta

- Foreldraráð þarf að vinna starfsáætlun fyrir ráðið og setja inn á heimasíðu leikskólans.
- Upplýsingar um nýtt foreldraráð þarf að setja inn á heimasíðu leikskólans.
- Taka ætti til athugunar ábendingar foreldra í rýnihóp um daglegar upplýsingar á töflu.
- Skoða ætti möguleika á reglulegri upplýsingagjöf til foreldra um þroska og framfarir barnanna.
- Æskilegt er að yfirfara og samræma verklag deilda varðandi upplýsingamiðlun til foreldra.

Skóli án aðgreiningar

Skólaþjónusta og sérkennsla

Í leikskólanum starfar sérkennslustjóri sem hefur ábyrgð og umsjón með viðbótakennslu. Hún sinnir skimunum/greiningum, skipuleggur og fylgir eftir áætlunum og kemur að gerð einstaklingsnámskráa í samvinnu við sérkennara/stuðningsaðila viðkomandi barns. Hún situr í stjórnunarteymi og hefur tekið að sér einstök verkefni í veikindum aðstoðarleikskólustjóra. Sérkennslustjóri skipuleggur alla viðbótarkennslu en sérkennarar og stuðningsaðilar vinna með hvert barn út frá því. Starfsfólk (sérkennarar og stuðningsaðilar) sem kemur að viðbótarkennslu og stuðningi er um 15 talsins og starfar allt undir stjórn sérkennslustjóra. Margir sérkennaranna hafa starfað lengi í leikskólanum, eru reynslumiklir með góða menntun og þekkingu. Sérkennslustjóri kemur að skipulagningu starfsdaga, sér um að vinna kannarnir sem eru lagðar fyrir þar í þeim tilgangi að bæta skipulagið og sér um að taka saman niðurstöður þeirra. Gert er ráð fyrir að sérkennarar/stuðningsaðilar geti sótt námskeið til að styrkja sig í starfi. Sérkennslustjóri fundar mánaðarlega með sérkennurum/stuðningsaðilum á hvorri starfsstöð. Áhugi er á að koma upp sérkennsluteymi í leikskólanum. Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun í leikskólanum og sérkennslustjóri hvetur sérkennarana og stuðningsaðila til að vinna sem mest inni á deildum og bjóða öðrum börnum með í vinnustundir öðru hvoru. Unnið er að því að allur elsti árgangur leikskólans fái ART þjálfun og leggur sérkennslustjóri áherslu á að þjálfunin fari fram á deildum svo að vinnan verði markvissari. Hluti stafrólks í leikskólanum hefur réttindi sem ART þjálfar.

Í rýnihóp sérkennara kom fram að margt væri vel gert í leikskólanum þegar kemur að viðbótarkennslu, þeir voru ánægðar með þá áherslu sem lögð er á snemmtæka íhlutun og segjast stoltir af henni. Ef einhver grunur vaknar er strax gripið inn í og ekkert er sparað til að koma til móts við börnin. Leikskólinn er ríkur af spilum og leikfni sem nýtist í viðbótarkennslu og vel er brugðist við óskum um aukinn efnivið. Sérkennarar segja aðstöðu til sérkennslu mjög góða og vel haldið utan um að ekki sé undirmönnun á þeim deildum þar sem börn eru með viðbótarkennslu. Ferill um viðbrögð vegna gruns um frávík hjá barni er ekki til en kennarar og starfsfólk þekkir óskráðan feril. Um leið og grunur vaknar um frávík er gerð frumgreining, tekið AEPS sem er færnimiðað matskerfi. Einstaklingsnámskrá er gerð ef þörf þykir, til þess að hægt sé að bregðast við sem fyrst, án þess að greining liggja fyrir. Fengið er samþykki foreldra til að fylla út AEPS listann og fá þeir að sjá niðurstöður á teymisfundi. Gagnkvæmt samstarf er milli starfsfólks sérkennslu og foreldra en að sögn sérkennslustjóra eru foreldrar ekki alltaf með við gerð einstaklingsnámskráa, segir að það þurfi að bæta. Myndað er teymi um barnið og teymisfundir haldnir reglulega á sex til átta vikna fresti. Þeir sem geta komið að fundunum eru auk foreldra, sérkennslustjóri, deildarstjóri, sérkennari/stuðningsaðili, fulltrúar frá félagsþjónustu, barnavernd og Austurlandslíkaninu.

Einstaklingsnámskrár eru metnar á sex mánaða fresti. Unnið er út frá einstaklingsnámskrám á deildum en nokkuð mismunandi hversu markviss sú vinna er. Þennan þátt þarf að bæta að sögn sérkennslustjóra. Hjá Skólaþjónustu Múlaþings starfar talmeinafræðingur auk þess er skólaþjónustan með samning við sálfræðinga *Sálstofunnar* sem heimsækja leikskólann reglulega. Á heimasíðu Múlaþings eru nánari upplýsingar um skólaþjónustuna og Austurlandslíkanið og þar segir meðal annars að þessir aðilar starfi þétt saman í því skyni að leysa farsælega úr málefnum barna og fjölskyldna þeirra. Sérkennslustjóri segir að þjónusta Austurlandslíkansins við leikskólann gangi vel, sé að fara af stað aftur eftir Covid og rétt sé að skoða hvernig leikskólinn geti nýtt sér þessa þjónustu enn betur.

Samstarf sérkennslustjóra og deildarstjóra er ekki formlega skipulagt. Sérkennslustjóri mætir stundum eða er beðin um að mæta á deildarfundi. Hún telur að gagnlegt væri að sitja reglulega deildarfundi til þess að koma sömu skilaboðum til allra. Fram kom að flest starfsfólk á deildum fær upplýsingar um börn með viðbótarkennslu þó bæta megi þær upplýsingar á sumum deildum. Einnig þarf að sjá til þess að öllum upplýsingum sé komið til afleysingafólks. Deildarstjórar segja að vel gangi að koma til móts við börn með viðbótarkennslu. Þeir taki þátt í gerð einstaklingsnámskrár og sitji skilafundi. Sérkennslustjóri fundar með sérkennurum einu sinni í mánuði, upplýsingar af þeim fundum komast ekki alltaf til skila til deildarstjóra þar sem þeir sitja ekki þá fundi. Fræðsla tengd viðbótarkennslu fer fram á starfsdögum og sér sérkennslustjóri og sérkennarar um þá fræðslu en nýta auk þess þjónustu

Sálstofunnar vegna ýmissa tilvika. Einnig er hægt að leita til sérfræðinga hjá *Austurlandslíkaninu* sem er með viðveru í leikskólanum annan hvern mánuð. Starfsfólk getur sótt fræðslu vegna barna með frávika í þroska og má þar nefna ýmis námskeið frá *Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins*. Námskeiðin eru ýmist í leikskólanum eða á fjarfundum og starfsfólk hefur að sögn leikskólastjóra verið áhugasamt um að fylgjast með og sækja námskeiðin. Samkvæmt niðurstöðum úr foreldrakönnun og viðtölum við foreldra í rýnihóp eru þeir ánægðir með hvernig unnið er úr HLJÓM-2. Foreldrar barna með viðbótarkennslu segjast fá miklar og góðar upplýsingar um sín börn og vel sé staðið að snemmtækri íhlutun.

Börn með annað móðurmál en íslensku

Markviss málörvun fer fram í leikskólanum fyrir börn sem eiga annað móðurmál en íslensku. Lagður er inn orðaforði og hugað að einstökum börnum í daglegu starfi. Börnin fá markvissa málörvun inni á deildum og í minni hópum. Foreldrar í rýnihóp segja að jákvætt sé hvernig unnið er með þennan barnahóp, börnin fá íslenskukennslu ótímabundið. Starfsfólk á yngri álmu segist nota ýmis verkefni til að leggja inn orð og auka orðaforða, á vettvangi mátti sjá starfsfólk sitja með minni hópa, lesa og leika. Samkvæmt leikskólastjóra er boðið er upp á tulkapjónustu ef með þarf og leitað til ASETUR tulkapjónustunnar (Alþjóðasetur ehf). Leikskólastjóri sendir póst á ensku á foreldra sem ekki tala íslensku og biður þá að láta sig vita ef þau þurfa þýðingu á efninu, sem sett er á heimasíðu, á sitt móðurmál. Upplýsingar á heimasíðu eru eingöngu á íslensku. Vikulega pósta sem deildarstjórar senda til foreldra skrifa þeir stundum á ensku en biðja jafnframt um að foreldrar láti vita ef þeir þurfi þýðingu á efninu á sínu tungumáli. Í fataherbergjum eru þjóðfánar og kveðjur á tungumáli barna. Deildarstjórar segja að „öll börn eigi sér samastað í barnahópnum og að allir séu jafnir“. Ekki er sýnilegt að unnið sé sérstaklega með heimamenningu barna (hér er átt við öll börn í leikskólanum) en að sögn deildarstjóra einnar deildar eru farnar gönguferðir að húsum barnanna sem búa í bænum (Egilsstöðum). Vísir að heimamenningu birtist í *Bókaorminum* en eins og áður hefur verið nefnt koma börnin með bók að heiman sem þau segja frá.

Styrkleikar

- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann, sem ber ábyrgð á sérkennslu, gerð einstaklingsnámskráa og skipuleggur vinnu sérkennara.
- Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun, gerð er frumgreining og einstaklingsnámskrá til að bregðast sem fyrst við.
- Börn sem eiga annað móðurmál en íslensku fá markvissa málörvun.
- Boðið er upp á tulkapjónustu ef þarf.
- Einstaklingsnámskrá er unnin í samstarfi við sérfræðinga, foreldra og deildarstjóra, myndað teymi um hvert barn og teymisfundir haldnir reglulega.
- Samstarf er milli leikskólans, sérfræðinga á skólapjónustu Múlapings, Austurlandslíkansins og fundað er reglulega með Sálstofunni.
- Starfsfólk fylgist með og sækir fræðslu um málefni tengt viðbótarkennslu.
- Foreldrar barna sem fá viðbótarkennslu eru ánægðir með áherslur leikskólans um snemmtæka íhlutun og segjast fá góðar upplýsingar um börn sín.
- Myndir með ritmáli og myndrænt skipulag er til stuðnings málörvunar og læsis.
- Þjóðfánar og kveðjur á tungumáli barna eru í fataherbergjum deilda.

Tækifæri til umbóta

- Tryggja að foreldrar komi ávallt að gerð einstaklingsnámskrá síns barns.
- Gera ætti feril um viðbrögð við grun um frávik hjá börnum.
- Æskilegt væri að koma á sérkennsluteymi við leikskólann.
- Koma ætti á reglulegum fundum sérkennslustjóra og deildarstjóra og bæta þannig upplýsingaflæði til alls starfsfólks.
- Samræma þarf vinnu á deildum með einstaklingsnámskrár.
- Skoða leiðir til að gera vinnu með heimamenningu allra barna markvissa og sýnlega í gögnum skólans.
- Gagnlegt væri að hafa almennar upplýsingar á heimasíðu leikskólans á fleiri tungumálum en íslensku.

Innra mat

Skipulag og viðfangsefni

Stofnað hefur verið matsteymi í leikskólanum en ábyrgð á framkvæmd mats er hjá leikskólastjóra og stjórnendateymi leikskólans. Leikskólinn hefur fram að þessu ekki verið með markvisst innra mat. Á síðasta ári fór starfsfólk á námskeið um innra mat og í framhaldi af því var skipaður hópur til að undirbúa og halda utan um innra mat. Hópurinn sameinast um að velja áherslur og forgangsröðun innra mats. Leikskólinn hefur ekki gert tímasettar matsáætlanir, hvorki til fleiri ára (3-5 ára) né fyrir yfirstandandi skólaár.

Gagnaöflun og vinnubrögð

Skólinn leggur annað hvert ár fyrir foreldra- og starfsmannakannanir Skólapúlsins. Niðurstöður kannananna eru nýttar til að rýna í starfsemi leikskólans. Formlegt innra mat leikskólans er rétt að fara af stað. Á síðasta ári var byrjað á að skoða tvo þætti: matartíma og móttöku barna. Umræðan fór fram á deildum og hver deild kom með niðurstöður á deildarstjórafundum þar sem þær voru ræddar og settar fram tillögur til úrbóta. Einnig var gert mat á starfsdögum með það að markmiði að gera þá ánægjulega og gagnlega. Matið var gert með spurningakönnun til starfsfólks. Hver deildarstjóri fór með niðurstöður úr þeirri könnun til umræðu inn á deildarfund og kom með tillögur að umbótum frá hópnum. Hefð er ekki fyrir skipulagðri ígrundun starfsfólks á eigin starfsháttum í daglegu starfi og börn koma ekkert að innra mati.

Opinber birting og umbætur

Engar opinberar birtingar eru á niðurstöðum innra mats skólans.

Styrkleikar

- Starfsfólk hefur tekið þátt í fræðslu um innra mat og stofnað hefur verið matsteymi sem vinnur að undirbúningi og skipulagi innra mats leikskólans.
- Foreldra- og starfsmannakannanir eru lagðar reglulega fyrir annað hvert ár.

Tækifæri til umbóta

- Gera matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem fram kemur viðfangsefni matsins, hvaða markmið eigi að meta og viðmið um árangur skilgreind. Tímasetja matið, tilgreina ábyrgðaraðila og hvaða gagna á að afla.
- Meta stefnu leikskólans og markmið markvisst og reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur (matsáætlun til 3-5 ára).
- Huga að aðkomu foreldraráðs í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.
- Efla mat og ígrundun starfsfólks á eigin starfsháttum í daglegu starfi.
- Gæta að fjölbreytni í öflun gagna meðal starfsfólks, barna og foreldra með aðferðum sem hæfa viðkomandi hópnum og tryggja að raddir barna heyrast í mati á leikskólastarfinu.
- Birta greinargerðir um innra matið á heimasíðu leikskólans þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður og greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt á vef 30. mars. 2023. Slóðin er:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>.

Leikskóladagatal 2022–2023. Sótt á vef 30. mars. 2023.

<https://www.tjarnarskogur.is/um-tjarnarskog/skoladagatal/>

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019.

Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009

Uppeldi til ábyrgðar. Sótt á vef 28. mars 2023. Slóðin er.

<https://uppbygging.is/>.

Upplýsingar frá fræðslustjóra með tölvupósti.

Viðtöl:

- Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.
- Viðtal við leikskólastjóra.
- Viðtal við matshóp.
- Viðtal við námskrárhóp.
- Viðtal við rýnihóp barna.
- Viðtal við rýnihóp deildarstjóra.
- Viðtal við rýnihóp foreldra.
- Viðtal við rýnihóp leikskólakennara.
- Viðtal við rýnihóp starfsmanna.
- Viðtal við sérkennara.
- Viðtal við sérkennslustjóra.

